

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Sterkara Kiwanis– Frá orðum til athafna

Skýrsla Herðubreiðar á Svæðisráðsfundi á Siglufirði 25. apríl 2015.

Starfið í Herðubreið hefur verið með hefðbundnu sniði í vetur eins og svo oft áður. Stjórnarskipti voru sameiginleg með Sjálfanda og Öskju og fóru fram í Hótel Reynihlíð og var ágætis mæting þar. Fundir eru haldnir í Jarðböðunum kl. 09.30 á laugardögum. Fjáraflanir klúbbsins eru leiga á ljósakrossum í kirkjugarðinum í Reykjahlíð, sala á konudagsblómum og sala á ljósaperum. Hefur það skilað um 180.000. kr. Ekki er búið að veita nema einn styrk, þegar þetta er skrifað, 12.500.- til SOS barnaþorpa en ákvörðun um annað tekin á næsta fundi.

Ekki hefur tekist að fjölga í klúbbum og einn félagi er fluttur til Akureyrar og er í leyfi en við reynum að ýta við mönnum að ganga til liðs við okkur, þótt ekki hafi það skilað árangri ennþá.

Fórum þrír í heimsókn til Skjálfanda á þorrafund þeirra og þeir komu þrír á einn fund til okkar. Fórum þrír með Svæðisstjóra til Vopnafjarðar og áttum góðan fund þar. Einn félagi mætti á fund hjá Kaldbak.

Til stendur að halda sameiginlegan aðalfund Öskju, Skjálfanda og Herðubreiðar á Vopnafirði í maí.

Að lokum vil ég þakka svæðisstjóra mikil og góð samskiði í vetur.

Með Kiwaniskveðju.

Birgir Steingrímsson